

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 1. mars, kl. 09:07 var haldinn 260. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Einar Sveinbjörn Guðmundsson og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir og Dagný Alma Jónasdóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Samgöngustjóri leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Lækjartorgi í samræmi við meðfylgjandi kynningu og hönnunarhandbók.

Samþykkt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Edda Ívarsdóttir, deildarstjóri, Rebekka Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og Karl Kvaran frá Sp(r)int studio taka sæti á fundinum undir þessum lið ásamt Darius Rezek, Davor Dusanic og Neil Moncrieff hjá Karres en Brands, sem taka sæti á fundinum með rafrænum hætti.

- Kl. 9:35 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði. USK23020228

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi tillaga um endurhönnun Lækjartorgs er um margt athyglisverð og hefur bæði kosti og galla. Hún verðskuldar nánari skoðun, meðal annars með tilliti til veðurfars á Lækjartorgi, þar sem getur orðið býsna vindasamt. Í næstum öld hefur Lækjartorg verið fjölfarin skiptistöð fyrir strætisvagnafarþega og væri einnig æskilegt að rýna tillöguna út frá því að torgið geti áfram gegnt því hlutverki með sóma, t.d. með því að veita þeim gott skjól. Þá hefði tillagan að ósekju mátt hafa ríkari skírskotun í sögu Reykjavíkur. Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar orkar tvímælis að halda áfram með kostnaðarsama hönnun að svo stöddu þegar ólíklegt er að tillagan verði að veruleika á næstunni vegna mikils kostnaðar við sjálfa framkvæmdina.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirlögd óska heimilda til að hefja undirbúning og verkhönnun á Lækjartorgi og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar, en ekki á að hefja framkvæmdir á þessu ári. Nú er verðbólga hærrí en áætlað var og vænta má fleiri aðgerða Seðlabankans í formi hækkana stýrivaxta. Þess vegna telur Flokkur fólksins að bíða eigi með að hefja undirbúning og verkhönnun Lækjartorgs í nokkur ár. Áætlaður kostnaður fyrir þennan hluta er um 355 milljónir og er þá ekki talinn með kostnaður við snjóbræðslu. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem má bíða betri

tíma. Vissulega er Lækjartorg lykilrými í miðborginni og á sinn sess í hugum fjölmargra. Vinningstillagan er vissulega glæsileg. Um það er ekki deilt. Sama gildir um Kirkjustræti. En nú er staðan þannig að borgin getur ekki sinnt lögbundinni þjónustu sómasamlega. Nú bíða 2291 börn eftir nauðsynlegri þjónustu sálfræðinga og annars fagfólks í skólum. Eitthvað verður undan að láta. Það er ekki alltaf hægt að taka meiri lán og stefna borginni í gjaldþrot. Það segir sig sjálf að meðal slíkra verkefni er hvorki endurgerð Lækjartorgs eða Kirkjustrætis. Þarna er einfaldlega ekki um neyðarástand að ræða og þess vegna á borgin að haga sínum framkvæmdar áformum í takt við fjárhagslega getu hverju sinni.

2. Fulltrúar Strætó kynna hugmynd að vegtengingu fyrir Strætó um Stjörnugróf og Fossvogsbrún.

Ragnheiður Einarsdóttir frá Strætó og Soffía Hauksdóttir frá Eflu taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK23020272

3. Samþykkt með afbrigðum að taka inn á dagskrá svohljóðandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að fyrirbyggjandi tillaga um breytingar á umferðarskipulagi við Mjólnisholt verði kynnt fyrir íbúum og rekstraraðilum í götunni og næsta nágrenni hennar áður en tillagan verður tekin til afgreiðslu í ráðinu. Áhersla verði þannig lögð á samráð við íbúa um breytingar, sem augljóslega snerta ríka hagsmuni þeirra og hefðu í för með sér aukna umferð um Mjólnisholt og brotthvarf flestra ef ekki allra almennra bílastæða við götuna. Almenn bílastæði við götuna eru nú 24 talsins.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar á móti tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá. USK23030015

4. Samgöngustjóri leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Mjólnisholti á grundvelli meðfylgjandi forhönnunar.

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna á móti tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Edda Ívarsdóttir, deildarstjóri, Rebekka Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt frá VSÓ ráðgjöf taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010339

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Breyting Mjólnisholts í tvístefnugötu var samþykkt með deiliskipulagi Hlemmssvæðis árið 2020. Fyrir liggur að þegar borgarlína hefur akstur um kafla Laugavegs milli Hlemms og Katrínartúns, verður ekki almennur akstur á þeim kafla og því nauðsynlegt að Mjólnisholt verði tvístefnugata. Tillagan gerir þar að auki ráð fyrir að Mjólnisholtið verði mun grænna gata en hún er í dag.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks harna að fulltrúar Framsóknarflokks, Pírata, Samfylkingar, Viðreisnar og Vinstri grænna vísi frá tillögu um að kynna veigamiklar breytingar á umferðarskipulagi Mjólnisholts fyrir íbúum í götunni og næsta nágrenni

hennar. Framkvæmdir eru áætlaðar á árinu og ljóst er að þær munu hafa í för með sér aukna umferð um Mjölnisholt og brotthvarf flestra ef ekki allra almennra bílastæða við götuna, sem eru nú 24 talsins. Sjálfsagt hefði verið að kynna svo veigamikla breytingu fyrir íbúum og rekstraraðilum á svæðinu og gefa þeim kost á að tjá sig áður en lengra er haldið. Ljóst er að yfirlýsingar borgarstjórnarmeirihlutans um að náð samráð skuli haft við íbúa um mikilvægar breytingar á nærumhverfi þeirra eru innantómar og merkingarlaugar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill taka fram að þessar tillögur líta mjög vel út og vandað hefur verið til verksins. Það má þó taka fram að vitað er að borgarlína tefst og ekki alveg vitað hvenær fyrsti leggur hennar muni líta dagsins ljós. Þrátt fyrir allt er hér um kostnaðarsamt verkefni að ræða sem áætlað er að kosta muni allavega 180 milljónir. Flokkur fólksins vill benda á að ekki hefur enn náðst að hemja verðbólgu og má þess vegna reikna með enn frekari hækkun stýrivaxta á árinu, sem þýðir að afborganir að lánum eiga eftir að hækka umtalsvert. Reykjavíkurborg sem nú "lifir" einungis á lánum, hefur einfaldlega ekki efni á þessu. Umhverfis- og skipulagsráð og verkefni þess hljóta að fara flest á ís nema þau allra nauðsynlegustu. Fátækt og ójöfnuður fer vaxandi vegna hækkunar matarverðs og annara nauðsynja. Þess vegna telur fulltrúi Flokks fólksins að þetta verkefni eigi að bíða eins og mörg önnur verkefni meirihlutans sem ekki eru að leysa brýna þörf gagnvart borgarbúum.

5. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 21. febrúar 2023. USK22120096
6. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa, dags. 23. febrúar 2023. USK23010150
7. Kynning á stöðu vinnu við hverfisskipulag í borgarhluta 3 Hlíðar og borgarhluta 5 Háaleit-Bústaðir. Í lok árs 2021 og byrjun árs 2022 voru kynntar vinnutillögur fyrir hverfisskipulag fyrir þrjú hverfi í borgarhluta 3 Hlíðar og fjögur hverfin í borgarhluta 5 Háaleit-Bústaðir. Allnokkuð að athugasemdum bárust við þessar vinnutillögur sérstaklega í Háaleiti-Bústaðum. Frá því að kynningu á vinnutillögum lauk hefur staðið yfir vinna við að fullgera tillögur að hverfisskipulagi fyrir þessi hverfi. Stefnt er að því að hverfisskipulag fyrir þrjú hverfi í borgarhluta 3 Hlíðar fari í kynningar- og samþykktarferli í apríl/maí 2023 og að kynningar- og samþykktarferli hefist fyrir fjögur hverfin í borgarhluta 5 Háaleit-Bústaðir í beinu framhaldi.

Ævar Harðarson, deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23020335

8. Lagt fram bréf stjórnar húsfélagsins Skipholti 11-13, dags. 14. febrúar 2023, þar sem mótmælt er væntanlegum framkvæmdum um breytingu á fyrirkomulagi gangstétta og bílastæða við Brautarholt 16-20 og óskað eftir því að borgaryfirvöld endurskoði umrædda hugmynd. USK22120052

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti Framsóknarflokks, Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar hyggst fækka bílastæðum við Brautarholt um 19 á sama tíma og íbúum við götuna fjölga um a.m.k. 78. Framlögð mótmæli íbúa við Skipholt 11-13 leiðir í ljós að umrædd ákvörðun mun ekki einungis koma sér illa fyrir íbúa í Brautarholti heldur einnig valda íbúum í næsta nágrenni óþarfa átroðningi. Við skorum á meirihlutann að

hlusta á íbúa í Holtunum og hætta við fyrirætlanir sínar um fækkun bílastæða í þessu ört vaxandi íbúahverfi.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista tekur undir áhyggjur íbúa við Brautarholt. Ef að það er verið að fækka bílastæðum er mikilvægt að almenningssamgöngur á nærliggjandi svæði séu eflðar samtímis, svo að strætó sé raunverulegur valkostur. Það er ekki fullnægjandi að fækka bílastæðum til að auka notkun annarra fararmáta en einkabílsins. Tryggja þarf samtímis aukna tíðni strætó og bæta leiðarkerfið svo það þjóni farþegum og íbúum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins skilur áhyggjur stjórnar húsfélagsins í Skipholti 11-13, varðandi framtíðarhögun bílastæðamála í framhaldi af ákvörðun um byggingu 65 íbúða í Brautarholti. Áætlað er að væntanlegir íbúar þessarar nýju íbúða flytji inn í sumar. Nú þegar eru öll bílastæði fyrir framan húsin og þar í kring, full af bílum. Hafa íbúar í Skipholti upp á síðkastið tekið eftir því að sumir í umræddum húsum við Brautarholt, eru farnir að leggja bílum sínum við Skipholt 11-13 og við Eyja Hótel þar fyrir norðan. Framkvæmdinni er mótmælt og talin óraunhæf í ljósi þess að með þeim 65 íbúðum í Brautarholti 16-20 muni fylgja nokkrir tugir bílar til viðbótar við þá sem fyrir eru, sem íbúar munu reyna að leggja við heimili sín. Þess vegna telur fulltrúinn að endurskoða eigi þessa hugmynd og leita lausna í samráði við íbúa á því svæði sem um ræðir, í stað þess að neita að horfast í augu við það augljósa óhagræði fyrir alla íbúa, sem af þessu verður óbreyttu.

9. Lagt fram afgreiðslubréf, dags. 16. febrúar 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðarinnar nr. 2 við Kirkjusand. SN220377
10. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um Spöngina, sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 26. október 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 24. febrúar 2023. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, inn í vinnu um hverfisskipulag Grafarvogs. USK22100136
11. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um uppsetningu skautasvella í hverfum Reykjavíkur sbr. 30. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs dags. 25. janúar 2023. Greinargerð fylgir tillögunni. Tillagan er felld með fjórum atkvæðum Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar á móti tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá. USK23010272

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tvö yfirbyggð skautasvell eru í Reykjavík í dag, Skautahöllin í Laugardal og skautasvellið í Egilshöll. Að auki hefur Nova-svellið verið sett upp tímabundið á Ingólfstorgi í kringum aðventu, jól og áramót seinustu ár. Kynntar hafa verið hugmyndir um viðbyggingu við Skautahöllina í Laugardal sem gætu falið í sér opið skautasvell með einföldu þaki og gætu nýst almenningi og sem upphitunaraðstaða fyrir iðkendur. Þessar tillögur sem röðuðust í 6. sæti í forgangs röðun í

íþróttamannvirkja og hafa verið settar á dagskrá. Tillaga sósíalista um að setja upp ótal skautasvell um alla borg gengur ekki upp fjárhagslega og er í ósamræm sameiginleg framtíðarsýn borgarinnar og íþróttahreyfingarinnar í málaflokknum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður heilshugar allar þær framkvæmdir sem hafa með aukið aðgengi ungs fólks að tómstundaiðkun að gera. Það er alveg frábært ef hægt er að auka aðgengi borgarbúa að þeirri hreyfingu og skemmtum sem gott skautasvell býður upp á. Þess vegna telur fulltrúinn þessa tillögu vera góða og vert að vísa henni áfram til nánari umfjöllunar og útfærslu.

12. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um ósvaraðar fyrirspurnir og tillögur, sbr. 15. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. febrúar 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða. USK23020098
13. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um húsnæði Draumasetursins. Fyrirspurnin var lögð fram á fundi Borgarráðs, þann 12. janúar 2023, sbr. 31. liður og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs með tölvupósti, dags. 18. janúar 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa. MSS23010137
14. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að aðstaða strætófarþega á Hlemmi verði bætt með eftirfarandi aðgerðum: 1. Skiptistöðin verði opin farþegum á morgnana meðan strætisvagnar ganga. 2. Aðstaða og upplýsingagjöf við farþega verði bætt inni í skiptistöðvarhúsinu, t.d. með uppsetningu leiðakorts, leiðataflna og rauntímabúnaði, sem sýnir hvenær vagnar eru væntanlegir á stöðina. Þá verði Klapp-kort til sölu í skiptistöðinni. 3. Merkingar verði bættar utandyra á Hlemmi og gerðar sýnilegri en nú er, farþegum til leiðbeiningar. Þetta á ekki síst við um biðstöð B, sem og biðstöðvar austan og vestan megin við húsið. Frestað. USK23030007

15. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að fyrirhugað brotthvarf allra almennra bílastæða við Rauðarárstíg (milli Hverfisgötu og Bríetartúns), verði kynnt fyrir íbúum og rekstraraðilum á viðkomandi götukafla sem og í næsta nágrenni og þeim gefinn kostur á að skila athugasemdum um málið áður en gatnafrágangur hefst. Um er að ræða 36 almenn bílastæði. Áhersla verði þannig lögð á samráð við íbúa um breytingar, sem augljóslega snerta ríka hagsmuni þeirra.

Frestað. USK23030008

16. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir rekstraráætlun borgarlínu og jafnframt svörum við því hver muni fjármagna rekstur hennar. USK23030009

17. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram hefur komið að mikil þörf er á því að endurnýja vagnaflota Strætó bs. Hvað er þörf á því að endurnýja marga vagna og hversu margir vagnar þurfa á endurnýjun að halda? Hver er áætlaður kostnaður vegna þessa? Hers vegna hefur ekki verið ráðist í að framkvæma þau vagnakaup eða viðgerðir sem nauðsynlegar eru og hvenær má búast við því að slíkt verði gert? USK23030010

18. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Mun borgarlína lúta sömu lögmálum og Strætó bs. gerir hvað varðar áföll í tekjum borgarsjóðs og annarra sveitarfélaga? Þyrfti að skera niður tíðni ferða borgarlínu ef við yrðum fyrir efnahagsáfalli, líkt og covid-19 hafði á rekstur strætó þegar skera þurfti niður? USK23030012

19. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hversu mörg bílastæði eru fyrir hreyfihamlað fólk í Reykjavík? Hve mikið hefur þeim fjölgað/fækkað síðustu 10 ár? USK23030013

20. Áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 8. febrúar sl. var samþykkt að breyta fyrirkomulagi gangstéttar og bílastæða við Brautarholt 16-20. Þar var m.a. kveðið á um að bílastæðum yrði fækkað úr 25 í 6. Verður hugað að því að efla Strætó á nærliggjandi svæði svo íbúar geti raunverulega nýtt sér hann í stað einkabílsins? Ef svo er, hvernig verður hugað að því? Hefur samtal átt sér stað við Strætó til þess að efla leiðakerfi og tíðni á þeim svæðum þar sem bílastæðum fer fækkandi? Mikilvægt er að almenningssamgöngur séu eflar til muna á sama tíma og bílastæðum fer fækkandi. USK23030014

Fundi slitið kl. 12:26

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Kjartan Magnússon
Marta Guðjónsdóttir

Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir
Pawel Bartoszek

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Árið 2023, þriðjudaginn 21. febrúar kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1199. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Músson, Harri Ormarsson, Kristín B. I. Sverrisdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Vala Ragna Ingólfssdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Austurstræti 17 - USK23010203 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi verslunar- og veitingarýmis á 1. hæð, rými 01-0101, veitingasala í flokki I, tegund c. veitingastofa og greiðasala, í húsi á lóð nr. 17 við Austurstræti.
Gjald: 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
2. Álftamýri 79 - USK23010306 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058255, vegna lokaúttektar, þ.e. fallið er frá því að setja hjólastólalýftu á gang Álftamýrarskóla, hús á lóð nr. 79 við Álftamýri.
Gjald: 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Ármúli 7 - USK22122941 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða viðbyggingu, sameina matshluta nr. 04 inn undir matshluta nr. 01 og breyta byggðu húsnæði á fjórum hæðum auk kjallara nærri götu fyrir rekstur læknameiðstöðvar, steinsteypt mannvirki einangrað og klætt að utan með létttri plötu- og glerklæðningu, í húsi á lóð nr. 7 við Ármúla.
Stærð mhl.01 eftir breytingu: 5.286,4 ferm., 19.600,3 rúmm.
Erindi fylgir hönnunar- og verkáætlun dags. 23. ágúst 2022, greinargerð brunahönnuðar, útg. 1.0, dags. 12. desember 2022.
Erindi fylgir
Niðurrif matshluta nr. 02 í erindi USK23010154, samþykkt þann 7. febrúar 2023.
Gjald: 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Bergstaðastræti 18 BN061841
Sótt er um leyfi til að koma fyrir flutningshúsi á steiptum kjallara, áður Bergstaðastræti 7, húsið verður lengt og hækkað, viðbygging á bakhlið stækkuð og byggð ný á austurgafli og til að innrétta fjórar íbúðir á lóð nr. 18 við Bergstaðastræti.
Lagðar eru fram umsagnir Borgarsögusafns dags. 19. mars 2019, Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019 og umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021 og 19. janúar 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2023 fylgir erindi.
Stærð, A-rými: 352,8 ferm., 941,4 rúmm.
B-rými: 6,1 ferm.
Samtals: 358,9 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
5. Bolholt 8 - USK23010307 Sótt er um leyfi til að setja skilti fyrirtækja á austurhlið matshluta nr. 02, hús nr. 8 á lóð nr. 6-8 við Bolholt.
Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttar.

Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Brekkuhús 1 - USK23020003 Sótt er um leyfi til að breyta útliti húss, innra skipulagi og notkun úr verslun í sjúkráþjálfun á 1. hæð, í húsi á lóð nr. 1 við Brekkuhús. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa dags. 31. janúar 2023, yfirlit breytinga og afrit hæðar- og mæliblaðs.
Gjald kr.14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
7. Bæjarháls 1 - USK23010204 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi Vesturhúss á 1. – 6. hæð, breytingu á innra fyrirkomulagi Austurhúss á 2. - 4. hæð, hurð aðalinngangs bygginga breytt, breyta stiga sem gengur niður með öllum pöllum niður á -2. hæð, koma fyrir millipalla á 2. hæð – 5.hæð, þannig að nýta megi þá sem aðstöðu fyrir starfsfólk, framlengja göngubrú á 6. hæð svo hún tengi saman Vestur- og Austurhús, koma fyrir sólarsellum á suðurhlíð hvolfrymis og opnanlegum fögum bætt við á austurhlíð hvolfrymis í mhl. 09, á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. janúar 2023 og viðauki við brunahönnurskýrslu dags. 23.11.2022.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Fellsmúli 28 - USK23020090 Sótt er um leyfi til að breyta húsnæði, mhl 03, þar sem áður var verslun og lager Góða hirðisins í áfengislager og skrifstofu með samtengdu mótuneyti starfsmanna og veitingastaðar í flokki II, tegund a) sem er hluti af skrifstofustarfsemi en ekki opin almenningi ásamt því að breyta útliti norðurhlíðs með stærri gluggum, nýju anddyri, stórum skjólveggi og gróðurbeð verður sett í staðinn fyrir núverandi bílastæði meðfram norðurhlíð í húsi nr. 28 á lóð nr. 24-30 við Fellsmúla.
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 06.02.2023, samþykki meðeiganda dags. 07.02.2023, hæðarblað dags. 23.09.91, mæliblað dags. 02.02.1966, sérupprátt dags. 18.01.2010.
Gjald kr. 14000.
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna sorpgerðis utan lóðar.
9. Fossaleynir 6 - BN061837 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi vörugeymslu, innréttu golfhermisal með afgreiðslu og veitingarsölu með aðkeyptar veitingar, skrifstofur, starfsmannarými og geymslur í atvinnuhúsi á lóð nr. 6 við Fossaleyni.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
10. Fossvogsvegur 8 - BN061807 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058359 Staðföngum er breytt, tröppur úr kjallara eru færðar, bætt við steiptum vegg við skábraut í kjallara og gluggum breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 8 við Fossvogsveg. Stærð eftir breytingu, A-rými: 4.266,6 ferm., 13.451,2 rúmm. B-rými: 4.455,8 ferm.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. Freyjugata 46 - USK23010202 Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja stórt tré við lóðarmörk, stækka og setja kaminu við suðvesturúttvegg núverandi garðskála, mhl.03, á lóð nr. 46 við Freyjugötu.
Stækkun: 8.9 ferm. xx.x rúmm.
Erindi fylgir lóðauppráttur 1.196.1 dags. 16. maí 2011 og ódagsett loftmynd af lóð.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Freyjugata 46 - USK23020064 Sótt er um leyfi til að lækka botnplötu að hluta um 24 sm og breyta innra skipulagi í kjallara í einbýlishúsi á lóð nr. 46 við Freyjugötu.
Stærð: 0,0 ferm., 9,58 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
13. Friggjarbrunnur 24 - USK23010266 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035304, vegna lokaúttekta matshluta nr. 01 og 02, þ.e. hús nr. 24, matshluti 01 verði klætt áklæðningu, matshluti 02 verði sléttmúraður og áklætt, svalahandrið 2. hæðar verði gler, á húsum á lóð nr. 24-26 við Friggjarbrunn.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 11. janúar 2023.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald: 14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna veggja á lóðarmörkum.
14. Gefjunarbrunnur 7 - USK23020093 Sótt er um leyfi til þess að byggja tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum og bílskúr í eigu íbúðar 0201, veggir staðsteyptir í varmamót og þak úr timbri á lóð nr. 7 við Gefjunarbrunn.
Stærð: 272.5 ferm., 878.4 rúmm. Nf: 0.78
Erindi fylgir mæliblað 2.695.2 dags. 18. júní 2018, hæðablað 2.695.2 útg. B3 dags. september 2009 og minnisblað vegna sambrunahættu frá verkfræðistofunni Öruggr efh dags. 7. febrúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
15. Granaskjól 12 - BN061364 Sótt er um leyfi til að reisa bílgeymslu úr forsteyptum einingum með einhalla hefðbundnu timburpaki í norðaustur horni lóðar við hús á lóð nr. 12 við Granaskjól.
Stækkun: 32,0 ferm., 112,0 rúmm.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 26. apríl 2018.
Erindi fylgir uppfært eyðublað umsóknar dags. 28. nóvember 2022, bréf umsækjanda vegna samþykki eigenda, dags. 28. nóvember 2022, afrit álits kærunefndar húsamála, mál nr. 74/2020 og afrit óundirritaðrar eignaskiptayfirlýsingar dags. janúar 2015.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar. Uppdr. nr 10-00 og 10-02, dags. 4. febrúar 2023.

16. Grundargerði 28 - BN060059 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057455 þannig að hætt er við viðbyggingu á suðausturgafli og gerður nýr inngangur með útistiga á sama gafli á húsi á lóð nr. 28 við Grundargerði.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. nóvember 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. nóvember 2022.
Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grundargerði 26 og Breiðgerði 33 og 35, frá 11. október 2022 til og með 8. nóvember 2022. Engar athugasemdir bárust.
Ný stækkun: 88,8 ferm., 250,0 rúmm.
Minnkun frá fyrra erindi: 49,8 ferm., 93,1 rúmm.
Eftir stækkun: 168,1 ferm., 538,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100.
Frestað. Lagfæra skráningu.
17. Hafnarstræti 1-3 - BN061676 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059102 þannig að hætt er við eldhús og breytt er innra skipulag veitingarstaðarins fl. III tegund F sem er samþykktur fyrir 80 gesti í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.
Erindið BN060621 er dregið til baka.
Greinagerð brunahönnuðar dags. 13. október 2022 fylgir. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Helgugrund 8 - USK22122943 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN023182 vegna lokaúttektar þannig að gerð er grein fyrir ýmsum breytingum á innra skipulagi ásamt því að settur hefur verið þakgluggi á norðupekju og gerður nýr inngangur á vesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 8 við Helgugrund.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru 26. júní 2001.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
19. Holtsgata 19 - USK23020065 Sótt er um leyfi til að síkka glugga og setja garðdyr út úr stofu rýmis 0001 á suðurhlið, í húsi á lóð nr. 19 við Holtsgötu.
Erindi fylgir samþykki eigenda.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Hádegismóar 6 - USK23010287 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051971, þ.e. innra skipulagi 1., 2. og 3. hæðar, matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 6 við Hádegismóa.
Erindi fylgir yfirlit breytinga erindis BN056225, eyðublað umsóknar um byggingarleyfi, gátlista aðaluppdráttar og mæli- og hæðarblað.
Gjald: 14.000.
Frestað. Lagfæra skráningu.
21. Höfðabakki 9 - USK23020005 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 3. hæðar, þ.e. hæðinni er skipt upp og innréttuð fyrir tvö fyrirtæki, annað með 14 starfsmenn en hitt fyrir 25 starfsmenn, í matshluta nr. 07, hús á lóð nr. 9 við Höfðabakka.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
22. Höfðabakki 9 - USK23020008 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058393, þ.e. komið fyrir lyftu í suðurhluta 4. hæðar, matshluta nr. 07, í húsi á lóð nr. 9 við Höfðabakka.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Katrínartún 2 USK23010289

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN056435 vegna lokaúttektar þannig að beinn stigi á milli hæða hefur verið fjarlægður, hurðum og glerlokunum hagrætt meðfram göngubru og brunamerkingar uppfærðar í móttökurými á 1. og 2. hæð í skrifstofuhúsi við Katrínartún 2, mhl.03, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá verkfræðistofunni Öruggh ehf, bréf frá hönnuði dags. 24. janúar 2023, gátlisti vegna aðaluppdráttar og yfirlit breytinga á afriti aðalteikninga samþykktum 20. ágúst 2019.

Gjald kr. 14.000

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Korngarðar 35 USK23010106

Sótt er um leyfi til að byggja lagerhús, með áfyllingarstöð og þvottastöð fyrir flutningabíla úr forsteyptum einingum á lóð nr. 13 við Korngarða.

Stærð: 1.265,6 ferm., 9.047,6 rúmm.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

25. Kringlan 7 - USK23010184 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 9. hæðar, rými 01-0901, þar á meðal eru sameiginleg svæði, fundarsalir og tæknirými, jafnframt er um endurbætur á snyrtingum og algildri hönnun rýma, í húsi á lóð nr. 7 við Kringluna.

Erindi fylgir svarbréf hönnuðar við umsagnarblaði og yfirlit breytinga.

Gjald: 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

26. Laufásvegur 10 - BN061229 Sótt er um leyfi til að gera léttar stálsvaflir á íbúð 0402 ásamt því að stækka og fjölga þakgluggum í sömu íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10 við Laufásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 19. nóvember 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2022.

jald kr. 12.600.

Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúar til ákvörðunar um grenndarkynningu. Uppdrættir nr. A - 101 - 103, dags. 18. nóvember 2021.

27. Laugavegur 11 - USK23020032 Sótt er um leyfi til að síkka glugga og setja svalir á austurhlið og breyta notkun úr lager í skrifstofu í rými 0301, í húsi á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra, dags. 1. febrúar 2023 og 3. febrúar 2023.

Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Laugavegur 168 - USK23010019 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-8 hæða fjölbýlishús á tveimur kjallarahæðum með 65 bílastæðum og verður samtengdur lóð nr. 170, verslunarrými á götuhæð við Laugaveg og 83 íbúðum á efri hæðum á lóð nr. 168 við Laugaveg.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 12. nóvember 2022, brunahönnun frá Öruggr dags. 29. desember 2022 og skýringarmynd af bílakjallara dags. 2. janúar 2023.
Stærð, A-rými: 10.475,7 ferm., 34.517,9 rúmm.
B-rými: 571,5 ferm.
Samtals: 11.047,2 ferm., 34.517,9 rúmm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. Mjódalsvegur 16 - USK23020091 Sótt er um leyfi til að reisa hitaveitugeymi, matshluta nr. 07 á lóð nr. 16 við Mjódalsveg.
Stækkun: 857,2 ferm., rúmm. 11.957,2.
Erindi fylgir umboð eiganda dags. 7. febrúar 2023 og mæliblað.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrangangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. Réttarholtsvegur 21-25 - BN061056 Færanleg stofa. BN061056
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. Silfratjörn 14 - USK23020119 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060403, þ.e. bílastæði færð inn á lóð, innra skipulagi allra íbúða breytt og lóðarmörk uppfærð til samræmis við breytingu á mæliblaði, við hús nr. 14, 16 og 18 á lóð nr. 14 við Silfratjörn.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 9. febrúar 2023, greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða, yfirlit breytinga og mæliblað.
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
32. Skaftahlíð 32 - USK23020081 Sótt er um leyfi til að opna milli 1. hæðar og kjallara og koma fyrir hringstiga, í húsi á lóð nr. 32 við Skaftahlíð.
Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttar og samþykki eigenda dags. 7. febrúar 2023.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Skipholt 35 - BN061830 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. á 1. hæð er innraskipulagi breytt, komið fyrir hringstiga milli lagerhúsnæðis á götuhæð og kjallara og hringstigi upp á 2. hæð fjarlægður, í húsi á lóð nr. 35 við Skipholt.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. desember 2022.
Tilvísun í óútgefið byggingarleyfi BN049738.
Frestað. Vísað til athugasemda.
34. Skólavörðustígur 15 - USK23020082 Sótt er um leyfi til að koma fyrir útveitingasvæði fyrir 40 gesti, veitingastaðs í flokki II, tegund e. kaffihús í fjöleign, á vesturhluta lóðar, við húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.

Gjald kr.14.000.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

35. Snorrabraut 62 - USK23020002 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058929, leiðrétting á brúttóstærðum 1. og 2. hæðar í skráningartöflu og byggingarlýsingu, fyrir matshluta nr. 02, í húsi nr. 62 á lóð nr. 60 við Snorrabraut.
Leiðrétt stærð: 4.032,9 ferm., 13.200,1 rúmm.
Erindi fylgir mæli- og hæðarblað
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
36. Steinagerði 10 - BN061580 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á lóð og húsi, lækkuð jarðvegshæð, hús stækkað með kjallarárými, komið fyrir tröppum niður í kjallara og gera tvo glugga og hurð í kjallara húss á lóð nr. 10 við Steinagerði.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 29. júlí 1971 og 23. mars 1961.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
37. Suðurgata 13 - BN060663 Sótt er um leyfi til að gera op milli tveggja rýma í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Suðurgötu.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Suðurlandsbraut 34/Ár - BN061572 Sótt er um leyfi til byggingar á staðsteyptu fjölbýlishúsi, byggingin er sjö hæðir auk kjallara með 69 íbúðum, verslun og þjónustu á 1. hæð til norðurs, í norðurhorni lóðar, sorplausn íbúða í sjö djúpgámum norðvestan A reits orkureits, matshluta nr. 02, á lóð Suðurlandsbraut 34/Ár.
Stærð mhl.02: 6.506,6 ferm., 20.222,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 3. október 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. febrúar 2023.
Erindi fylgir bréf, umsagnar beiðni v. afgreiðslu 7. febrúar 2023 er dregin til baka, dags. 13. febrúar 2023.
Umsókn um niðurrið er í erindi BN061409.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Vínlandsleið 12 - USK22122996 Sótt er um leyfi fyrir hálfopnu reiðhjólaskýli fyrir allt að 40 reiðhjólum og hlaupahjólum, úr timbri og glæru þakefni sem fær mhl.02, á nýjum byggingareit fyrir hjólagarði á lóð nr. 12-14 við Vínlandsleið.
Stærð: 60 ferm. Erindi fylgir útgefið mælilað 4.111.6
Gjald kr. 14.000.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Ýmis mál

40. Grandavegur 37 (fsp) - USK23010092 Spurt er hvort leyft yrði að breyta skráningu rýmis 010002 úr "ósamþykkt íbúð" í "íbúð" í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 37 við Grandaveg.
Erindi fylgir íbúðarskoðun byggingarfulltrúa dags. 13. febrúar 2023.
Afgreitt. Neikvætt, samræmist ekki byggingarreglugerð.
41. Háteigsvegur 44 - fsp - USK23020018 Sótt er um að skipta húsnæðinu í tvær íbúðir, breyta fyrirkomulagi stiga á milli fyrstu og annarrar hæðar, saga fyrir nýjum gluggum á norðurhlið hússins, skipta um glugga (í stíl við upprunalegt útlit hússins) ásamt því að sækja um ósamþykkt viðbyggingu sem þegar hefur verið byggð yfir svölum á þriðju hæð hússins. Viðbyggingin er í slæmu ástandi, því vilja nýir eigendur hússins sækja um samþykki fyrir uppfærðri viðbyggingu þ.e. á sama stað. Einnig eru tvö ósamþykkt rými á 1.hæð - sjá nánar meðfylgjandi teikningar og minnisblöð.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagssfulltrúa.
42. Brekknaás 6B - dreifistöð og Brekknaás 2 - 6 og Selásbraut 130 og 132 - USK22100048 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 14:35

Nikulás Úlfar Másson

Harri Ormarsson
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Kristín B. I. Sverrisdóttir
Vala Ragna Ingólfssdóttir